



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík 7. maí 2012

### **Gagnsæistilkynning vegna eftirlitsheimsóknar til Tryggingar og ráðgjafar ehf.**

Þann 26. október sl. fór Fjármálaeftirlitið í eftirlitsheimsókn til váttryggingamiðlunarinnar Tryggingar og ráðgjafar ehf. á grundvelli 2. mgr. 8. gr. og 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. 59. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga.

Eftirlitsheimsóknin var liður í reglubundnu eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meðal þess sem sérstaklega var skoðað að þessu sinni var hvort félagið veitti þarfagreiningu á varanlegum miðli skv. 31., sbr. 33. gr. laga um miðlun váttrygginga, gerð var athugun á hliðarstarfsemi félagsins viðvíkjandi svonefnda Tryggingavakt sem félagið býður og rætt um um fjárhagsstöðu félagsins.

Hvað þarfagreiningu á varanlegum miðli varðar kom fram að félagið styðst við þarfagreiningareyðublað vegna persónutrygginga, sem er efnislega í samræmi við kröfur sem FME gerði í kjölfar eftirlitsheimsóknar til félagsins árið 2009. Félagið vinnur að gerð sérstaks þarfagreiningareyðublaðs vegna miðlunar skaðatrygginga.

Í eftirlitsheimsókninni upplýsti Fjármálaeftirlitið að starfsemi félagsins viðvíkjandi Tryggingavaktina yrði tekin til sérstakrar skoðunar og hefur eftirlitið sent félaginu bréf með niðurstöðum þeirrar skoðunar. Í bréfinu kemur m.a. fram að Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við starfrækslu þjónustunnar en leggur áherslu á að félagið gæti hlutleysis við ráðgjöf í starfseminni, þ. á m. með því að þiggja ekki greiðslur bæði frá váttryggingafélagi og váttryggingartaka vegna sama váttryggingarsamnings.

Umræða um fjárhagsstöðu félagsins var veigamesti þáttur eftirlitsheimsóknarinnar en félagið hefur sætt sértæku eftirliti á grundvelli 1. mgr. 19. gr. laga um miðlun váttrygginga allt frá árinu 2010. Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins, sem gerð var í kjölfar heimsóknarinnar var ábendingum komið á framfæri varðandi fjárhagsstöðu félagsins.

Tilkynning þessi er birt á grundvelli 9. gr. a. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.